

Kæri viðtakandi

Íslensk Erfðagreining hefur falið starfsfólki Þjónustumiðstöðvar rannsóknarverkefna að leita eftir þátttöku einstaklinga í samanburðarhóp, en erfðæfni þeirra verður notað sem samanburðarsýni í rannsóknum á fjölda sjúkdóma, svo sem krabbameina, sykursýki og hjartasjúkdóma.

Til að mynda þennan samanburðarhóp býður Íslensk erfðagreining þeim að taka þátt sem:

- Hafa ekki áður tekið þátt í rannsóknum ÍE, koma frá ólíkum landsvæðum og eru orðnir 18 ára. Sumir eru valdir úr ættfræðigrunni ÍE á dulkóðuðum kennitölum, sem voru síðan afkóðaðar með sérstökum hugbúnaði sem hlotið hefur samþykki Persónuverndar. Íslensk erfðagreining hefur ekki dulkóðunarykilinn undir höndum, en hann er varðveittur af fulltrúa Persónuverndar
- Rannsóknin hefur hlotið leyfi Vísindasiðanefndar og Persónuverndar.

Þér er hér með boðið að taka þátt í þessari rannsókn og er þátttakan fólgin í eftirfarandi:

- Undirritun upplýsts samþykkis fyrir samanburðarrannsóknina er skilyrði fyrir þátttöku og þátttakendur eru hvattir til að undirrita einnig samþykki fyrir þátttöku í lífsýnasafni ÍE (sjá nánar á www.rannsokn.is)
- Að gefa sýni til erfðarannsóknna.
 - Sýnið tekur þú sjálf/sjálfur með meðfylgjandi munnsköfu, samkvæmt leiðbeiningum, og sendir til baka ásamt undirrituðu upplýstu samþykki til Þjónustumiðstöðvar rannsóknaverkefna. Nánari sýnatökuleiðbeiningar má finna á www.rannsokn.is
- Að heimila að síðar kunni að verða leitað til þín um að gefa annað lífsýni eða upplýsingar um heilsufar (gjarnan með tölvupósti ef þú gefur upp tölvupóstfang).

Um leið og við vonum að þú takir þessari beiðni okkar vel lýsum við fullum skilningi á þeim rétti þínum að hafna þátttöku án nokkurra skýringa. Ákveðir þú að vera með getur þú á sama hátt afturkallað þátttöku þína hvenær sem er og krafist að sýnum frá þér verði eytt.

Hafir þú einhverjar spurningar um rannsóknina þá getur þú hringt í síma 520-2800 í Þjónustumiðstöð rannsóknarverkefna þar sem leitast verður við að svara spurningum þínum eins vel og hægt er.

Kær kveðja,



Kári Stefánsson læknir

Forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar
ábyrgðarmaður lífsýnasafns ÍE



Ingibjörg J. Eiríksdóttir, hjúkrunarfræðingur

Forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar
rannsóknaverkefna